

117. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn mánudaginn 18. október 2004, kl. 10:30 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Óskar Sigurðsson, lögmaður

Dagskrá:

1. Deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu.

- a. Lagt fram bréf, dags. 5. október 2004, frá Sveitarfélaginu Ölfusi, þar er tilmælum Sorpstöðvar Suðurlands frá 3. september sl. um tilnefningu fulltrúa sveitarfélagsins í starfshóp um deiliskipulag Kirkjuferjuháleigu er hafnað.
- b. Lagt fram bréf frá Sveitarfélaginu Ölfusi, dags. 13. október 2004, þar sem skorað er á Sorpstöðina að hætta þegar í stað urðun yfir 5 metrum m.v landkvóta en að öðrum kosti sjái sveitarfélagið sig knúið til að stöðva urðun sorps þann 25. október nk.
Óskari Sigurðssyni falið að kanna erindið og meta hugsanleg viðbrögð við því.
- c. Formaður kynnti óformlegar viðræður sem átt hafa sér stað að undanfögnu við forráðamenn Ölfuss.
Samþykkt að halda þeim viðræðum áfram.

Fundi slitið kl. 12:00

*Einar Njálsson
Orri Hlöðversson
Guðmundur Tryggvi Ólafsson*

*Ágúst Ingi Ólafsson
Þorvarður Hjaltason*